

Aðalnámskrá grunnskóla 2025

Námskráin byggir á **lykilhæfni** annars vegar og **grunnþáttum menntunar** hins vegar, sem ætlað er að lita allt skólastarf og fléttast inn í allt nám.

Lykilhæfni:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

Grunnþættir menntunar:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Heilbrigði og velferð
- Sköpun.

Greinasvið/fögin í aðalnámskrá eru átta og hvert um sig hefur nokkur hæfniviðmið sem eru með undirflokka.

Greinasvið:

- **Grænn** = hæfniviðmið greinasviðs

Gulur = undirflokkur hæfniviðmiðs

Greinasvið:

Íslenska

Erlend tungumál

Verk- og listgreinar

Náttúruvísindi

Skólaþróttir

Samfélagsgreinar

Stærðfræði

Upplýsinga- og tæknimennt.

Fjármálalæsi kemur fyrir í undirflokkum í **Samfélagsfræði (*2)** og **Stærðfræði (*1)**.

Fjármálalæsi í Samfélagsfræði:

Hæfniviðmið samfélagsgreina eru sett fram í sex flokkum og er fjármálalæsi í hæfniviðmiðinu „**Sjálfsmynd**“ í undirflokknum „**fjármál einstaklings**“ og í hæfniviðmiðinu **Borgaravitund** í undirflokknum „**Samneysla**“.

Fjármálalæsi í stærðfræði:

Hæfniviðmið í stærðfræði eru sett fram í fimm flokkum og er fjármálalæsið í hæfniviðmiðinu „**Vinnulag stærfræðinnar**“ í undirflokknum „**fjármál**“.

Stærðfræði

Vinnulag stærðfræðinnar	Við lok 4. Bekkjar:	Við lok 7. Bekkjar:	Við lok 10. Bekkjar:
Fjármál	notað grunnreikniaðgerðir til að finna lausnir á og takast á við verkefni daglegs lífs og fjármála og skilið verðgildi peninga.	nýtt stærðfræði til að takast á við verkefni er tengjast helstu hugtökum persónulegra fjármála og haldið utan um eigin fjármál.	nýtt helstu hugtök fjármála í tengslum við eigin fjármál, launagreiðslur, skatta og fjárfestingar og nýtt þau við útreikninga og úrlausnir verkefna daglegs lífs.

Samfélagsgreinar

Sjálfsmynd	Við lok 4. Bekkjar:	Við lok 7. Bekkjar:	Við lok 10. Bekkjar:
Fjármál einstaklings	áttað sig á kostnaði við eigin neyslu og mun þarfa og langana.	gert grein fyrir útgjöldum vegna þarfa, langana og hegðunar einstaklinga og mikilvægi fyrirbyggju í fjármálum.	gert grein fyrir hvernig þarfir, langanir og hegðun móta fjárhagslega stöðu einstaklinga og tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu.

Samfélagsgreinar

Borgaravitund	Við lok 4. Bekkjar:	Við lok 7. Bekkjar:	Við lok 10. Bekkjar:
Samneysla	þekkt dæmi um grunnþjónustu í samfélaginu,	áttað sig á hvernig og hvers vegna kostnaður við ýmsa grunnþjónustu er greiddur af sameiginlegum sjóðum samfélagsins,	skilið að skatta- og fjármálaumhverfi og líf skjör í samfélagi eru breytileg og þekkt þætti sem hafa áhrif á þau.